

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Evrópumálin eru í deiglu hvar vetna í samfélaginu og það er ekki fyrir tilviljun. Þau hafa vissulega verið mjög til umræðu á undanförnum misserum og árum og en þó eru æ fleiri sem átta sig á því að þegar litið er til þeirra þjóða sem hafa unnið sig út úr kreppu, ekki bara eins kreppu og við stöndum nú frammi fyrir, heldur mildari kreppu, þá eru fleiri en ein og fleiri en tvær sem hafa horft til endurskoðunar á gjaldeyrismálum, horft á endurskoðun á sambandi sínu við aðrar þjóðir og fjölmargar Evrópuþjóðir hafa metið hagsmuni sína svo að langtíma hagsmunum, langtímastöðugleika, væri best borgið innan Evrópusambandsins. Það mál hefur auðvitað geysilega margar hliðar og það fer eftir sjónarhorni hverju sinni hvað verður þar í brennidepli. Vitanlega eru stór atriði sem lúta að stjórn efnahagsmála og sambandinu við umheiminn, sem mun sjálfsagt á endanum ráða afstöðu meirihluta Íslendinga. En málaflokkarnir sem samið er um með aðildarumsókn að Evrópusambandinu eru einir 33. Þar af erum við hluti af 19 ef ég man þetta rétt og einn þeirra málaflokka sem er, að segja má, báðum megin hryggjar er sveitarstjórnarstigið. Geysilega margar ákvarðanir og gjörðir sem teknar eru innan Evrópusambandsins hafa nú þegar áhrif á sveitarstjórnir á Íslandi án þess að áhrif sveitarstjórna hér séu mikil, og miklu minni heldur en sveitarfélaga í löndum innan Evrópusambandsins.

Til þess að leggja grunn að yfirvegaðri og upplýstri umræðu um stöðu sveitarstjórnarstigsins gagnvart hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu bað sá sem hér stendur um það eða gerði tillögu um það á vettvangi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember sl. að framkvæmdastjóri Sambandsins hefði forystu um að lagt yrði mat á hagsmuni sveitarfélaga, kosti og ókosti, af inngöngu Íslands í Evrópusambandið og þátttöku í Evrópusamvinnu á vettvangi þess, svo vitnað sé beint í tillöguna með leyfi forseta. Auk almenns yfirlits um áhrif og gildi Evrópusamvinnunnar á sveitarstjórnarstigið verður meðal annars lagt sérstakt mat á eftirtalda þætti: aðkomu fulltrúa íslenskra sveitarfélaga að undirbúningi ákvarðana sem snerta sveitarfélögin, aðgengi að stuðningi, styrkjum og þróunarfé úr sjóðum ESB fyrir sveitarfélög, landsvæði og/eða byggðalög, aðildar að verkefnum og styrkjum sem unnin eru á vettvangi ESB eða

teljast hluti Evrópusamvinnunnar og önnur atriði sem máli skipta til að ofangreint mat nái markmiðum sínum.

Greinargerðin liggur nú fyrir og hefur verið send öllum borgarfulltrúum og æðstu yfirmönnum í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, stjórn Sambands sveitarfélaga ákvað að vísa henni til umfjöllunar í alþjóðanefnd sinni og síðan til landsþings sem fyrirhugað er nú um miðjan mars, en af helstu niðurstöðum ber hæst að í raun er ekki um miklar viðbætur að ræða á löggjafarsviðinu frá því sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Stærstu breytingarnar yrðu á sviði byggðamála þar sem aðild myndi opna fyrir aðgang að byggðasjóðum innan ESB og bjóða upp á ýmis sóknarfæri í byggða- og atvinnuþróunarmálum. Hér er vitnað beint í niðurstöður greinargerðarinnar. Sveitarfélögin gætu orðið mun virkari á því sviði og ekki eins háð ríkinu. Það er þó mjög mikilvæg forsenda að sveitarfélögunum takist að byggja upp öflugri stjórnsýslu og svæðisbundið samstarf til að nýta sér sóknarfærin.

Það er tekið fram að greinargerðin er aðeins fyrsta grunnskoðun á málinu en þó er eftirtektarvert hversu greinargóðar upplýsingar liggja nú þegar fyrir um hagsmuni sveitarstjórnarstigsins af aðildarumsókn. Í viðauka með greinargerðinni fylgja áherslur og ábendingar frá sveitarfélagasamtökum innan og utan Evrópusambandsins til þess að glöggva sig á þeirri sýn sem þau hafa sett fram á sömu hluti. Þegar skýrsluhöfundar, eða höfundar greinargerðarinnar, draga saman helstu kosti og galla ESB-aðildar fyrir íslensk sveitarfélög, eru þau, helstu kostir: í fyrsta lagi þátttaka í ákvarðanatökufæri mála er lúta að sveitarstjórnarstiginu innan ESB, í öðru lagi aðgangur að mikilli þekkingu og öflugu tengslaneti, í þriðja lagi aðgangur að stofnunum ESB sem fjalla um byggða- og sveitarstjórnarmál, í fjórða lagi aðgangur að styrkjum úr byggðasjóðum ESB og ákvörðunum um með hvaða hætti þeim er úthlutað til einstakra svæða hér á landi, í fimmta lagi aðgangur að styrkjum úr landbúnaðar- og dreifbýlissjóði ESB, í sjötta lagi aðgangur að styrkjum til sjávarbyggða, í sjöunda lagi aðild að öllum áætlunum ESB, í áttunda lagi hvati að auknu samstarfi sveitarfélaga, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga og öflugri stjórnsýslu sveitarfélaga. Í níunda lagi meira forræði sveitarfélaga á byggðamálum, aukin þekking á fleiri úrræðum og í tíunda lagi að sveitarstjórnarstigið verður ekki jafnháð ríkisvaldinu og þó það sé opin

spurning, eins og hér er tekið fram, hvort sveitarfélögunum muni ganga betur í hagsmunagæslu sinni gagnvart stofnunum ESB en íslenska ríkinu, en þá erum við vitanlega samferða öðrum sveitarfélögum og sveitarstjórnarstiginu innan Evrópusambandsins.

Helstu gallarnir eru taldir auknar kröfur yfir fjármálaumsýslu og líklega minna fjárhagslegt svigrúm í rekstri sveitarfélaga sem því nemur, þörf á auknum mannafla og dýrari stjórnsýslu til að nýta sóknarfærin og fullnægja kröfum. Það gæti einnig orðið erfitt fyrir fámenn sveitarfélög að nýta sér sóknarfærin og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar og þá er það jafnframt tiltekið að ekki er fyrir hendi í dag sú þekking sem þarf til að takast á við meðferð byggðastyrkja. Að öðru leyti talar greinargerðin fyrir sig sjálf, hún felur í sér yfirlit yfir evrópska löggjöf, áhrif aðildar á málaflokka sveitarfélaga sem falla utan löggjafasviðs ESB, áhrif aðildar á fjármál sveitarfélaga, tækifæri til að taka þátt í evrópskum áætlunum á samstarfsverkefnum, þ.e. byggðasjóðum, landbúnaðarsjóðum, styrkjum til sjávarbyggða, áætlunum Evrópusambandsins og tölfræðimálum. Jafnframt er yfirlit yfir áhrif aðildar á hið staðbundna lýðræði, stöðu sveitarstjórnarstigsins og starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sá þáttur skýrslunnar er brotinn niður í fjóra liði.

Ég vil að endingu hvetja borgarfulltrúa og stjórnkerfi borgarinnar til þess að taka þessa skýrslu og niðurstöður hennar til umfjöllunar. Það má segja að Reykjavíkurborg hafi, ásamt utanríkisráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lagt í heilmikla skoðun fyrir nokkrum árum á Evrópumálunum sem endaði með þeirri niðurstöðu að sérstakur fulltrúi var ráðinn af hálfu þessara þriggja aðila til reynslu og hefur verið að vakta hagsmuni og málefni sveitarstjórnarstigsins í Brussel. Þessi umræða er næsta skref í sömu átt en miklu skiptir að sveitarstjórnarstigið skilgreini samningsmarkmið og áherslur sveitarfélaga gagnvart aðildarviðræðum því að allt bendir nú til þess að þegar eftir næstu alþingiskosningar verði tekin afstaða til þess hvort og í hvaða ferli umræða um aðildarumsókn og aðildarumsóknarferli verði sett.

**Forseti:** Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur hæstvirtur borgarstjóri til máls.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka Degi B. Eggertssyni fyrir að taka þessa umræðu upp hér, þó að mörgum kunni að þykja hún kannski frekar eiga heima á vettvangi Alþingis, og við séum dálítið að færa þjóðmálaumræðuna hingað, þá er þetta engu að síður stórt mál sem skiptir máli fyrir sveitarfélögin auðvitað að fylgjast vel með og ég vil reyndar meina að það hafi verið gert, mjög vel, á vettvangi sérstaklega Sambands íslenskra sveitarfélaga, að fylgjast með því, það er sérstök skrifstofa starfandi þar fyrir hönd Sambandsins sem fylgist vel með þeim málum sem eru að eiga sér stað í Brussel og tryggir það að hagsmunir sveitarfélagana séu sem best varðir á þeim vettvangi.

Eins og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi kom inn á í ræðu sinni þá hefur þessi skýrsla, eða þetta er náttúrliga ekki skýrsla, fyrirgefið þið, þetta er greinargerð og það er sagt sérstaklega í greinargerðinni að þetta sé einungis grunnskoðun á málinu og eftir sé að vinna ansi margt sem tengist þessu, en engu að síður var það ákvörðun stjórnar Sambandsins núna á síðasta fundi í framhaldi af tillöguflutningi Dags B. Eggertssonar þar líka, að málinu yrði vísað í þann farveg sem borgarfulltrúinn gerði grein fyrir og verður þess vegna tekið upp á þingi Sambandsins og öðrum vettvangi þar, sem ég tel að sé mikilvægt, enda var full samstaða um að vinna málið þannig.

Það er hárrétt sem borgarfulltrúinn nefnir, hann ræddi hér kostina sem eru nefndir í þessari greinargerð, en það eru líka ákveðnir gallar, til dæmis segir orðrétt með leyfi forseta í skýrslunni að „auknar kröfur verði gerðar við fjármálaumsýslu og líklega minna fjárhagslegt svigrúm hjá sveitarfélögunum“ er talað um og þá er óljóst nákvæmlega til hvers menn eru að vísa en engu að síður má ljóst vera að það svigrúm sem sveitarfélögin hafa haft til sjálfsstjórnar gætu minnkað við aðild. Einnig er bent á það í greinargerðinni að þetta geti falið í sér stórauðna eða aukna skriffinnsku og aukinn kostnað vegna allskyns þátta er tengjast þessu samstarfi. En það er líka bent á ákveðinn ávinning í greinargerðinni sem menn telja að geti hlotist af þessu og það er kannski fyrst og síðast ávinningur sem lýtur að aðgangi að lánsfé, lagasetningu, seta í ákveðnum nefndum og aðgangur að byggðasjóðum,

sem eru sumir hverjir umfram þann aðgang sem við höfum í gegnum Evrópska efnahagssvæðið.

Það sem skiptir kannski samt meira máli, hæstvirtur forseti, í þessu er það að auðvitað er engin leið, og ég held að það séu allir sammála um það, að meta fullkomlega stöðu sveitarstjórnarstigsins eða hag sveitarfélaganna, þ.m.t. Reykjavíkur, af því að ganga í Evrópusambandið án þess að það sé ljóst hvað kæmi út úr mögulegum viðræðum Íslands og íslenskrar ríkisstjórnar við Evrópusambandið. Það er nefnilega þannig að sveitarfélögin, Reykjavík jafnt sem önnur sveitarfélög, eru ekkert eyland. Hagsmunir okkar eru nátengdir og samofnir hagsmunum lands og þjóðar og þess vegna ræður það auðvitað mestu það sem kemur hér fram í formála að greinargerðinni, þar sem segir að ekki séu skoðuð áhrif vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Greinargerðin semsagt skoðar ekki möguleg áhrif af sjávarútvegsstefnunni, ekki möguleg áhrif af landbúnaðarstefnunni og ekki þau mögulegu áhrif sem það að Íslendingar missi tökin á sínum auðlindum með einhverjum hætti, það er ekki tekið til þess og auðvitað er það það sem umræðan hefur aðallega snúist um hér á landi og umræðan um Evrópusambandið snýst aðallega um, forræði Íslendinga yfir sínum auðlindum. Og fari það forræði í hendur annarra er ljóst að það hefur áhrif á sveitarfélögin. Miklu stærri áhrif heldur en allt annað sem nefnt er í þessari greinargerð og hefur auðvitað áhrif á sveitarfélögin með sama hætti og það mun hafa áhrif á land og þjóð.

Þannig að ég held, um leið og ég held að það sé mikilvægt að við ræðum þetta, mikilvægt að við höldum vöku okkar fyrir því sem er að gerast á þessum vettvangi og séum meðvituð um hagsmuni borgarinnar og þar með talið annarra sveitarfélaga af hugsanlegri inngöngu í Evrópusambandið, þá séum við meðvituð um að þeir hagsmunir verða aldrei tryggðir nema í gegnum aðra stærri hagsmuni sem eru ræddir á vettvangi þess ef til viðræðna kæmi um aðild. Þannig að það er nú kannski það stærsta í þessu að við þurfum auðvitað að skoða það með tilliti til þeirra risastóru mála. Ég held að flestallir flokkar, allavega kom það út úr nýlegu þingi framsóknarmanna, og hefur verið afstaða Vinstri grænna, afstaða Sjálfstæðisflokksins og annarra, að til slíkra viðræðna eða slíkra samninga yrði ekki gengið nema tryggt væri að auðlindir lands og þjóðar væru áfram í höndum

Bstj. 3. febrúar 2009

Íslendinga og þar ríkir ákveðin sérstaða í okkar huga þannig að ég vildi einungis, hæstvirtur forseti, benda á og ég held að greinargerðin, og ég geri ekki ráð fyrir að sá sem hóf umræðuna hér geri ágreining um það, að stærstur hluti þess sem snýr að aðild Íslands að Evrópusambandinu lýtur að þessum þáttum og á því er ekki tekið í þessari greinargerð.

En það breytir þó engu um það að ég þakka umræðuna og tel að þessi mál séu vel komin á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og við munum örugglega taka þá umræðu kröftuglega þar og annarsstaðar á næstu misserum.

**Forseti:** Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að þakka Samfylkingunni og oddvita hennar, Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa, fyrir ágæta yfirferð. Sömuleiðis vil ég þakka borgarstýru fyrir hennar yfirferð, sem ég er um margt mun meira sammála en borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni. Nú, mögulegar aðildarviðræður við Evrópusambandið hafa verið viðvarandi umræðuefni á vettvangi stjórnmalanna undanfarin ár, ekki síst vegna áherslna Samfylkingarinnar í þeim efnum en Samfylkingarfólk hefur verið afar fylgið sér og vakið máls á þessu pólitíska hugðarefni sínu oft og iðulega.

Er hægt að lækka púltið?

Evrópusambandið er að sjálfsögðu stofnun eða fyrirbæri sem varðar okkur Íslendinga sterklega, rétt eins og önnur bandalög, ríki og þjóðir. Við þurfum að meta og endurmeta samskipti okkar og samstarf við þessi bandalög aftur og aftur. Í dag, þegar dýpsta kreppa um langt skeið blasir við þjóðinni, gjaldmiðilssveiflur eru gríðarlegar og verðbólga sömuleiðis, hefur krafan um aðild að Evrópusambandinu verið mjög hávær. Er þar sérstaklega horft til mögulegrar aðildar að myndbandalagi Evrópu, enda ljóst að evran er stór og tiltölulega sterkur gjaldmiðill. Evrópusinnar telja aðildarviðræður vísa veginn út úr kreppunni. Þannig komist jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinn og væntingar og viðhorf til íslensku þjóðarinnar verði jákvæðari. Auðvitað er mikilvægt að við skoðum þessi rök með opnum hug en aðild að Evrópusambandinu gengur út á svo miklu, miklu meira en nokkurn tímann bara efnahagsmál og auk þess eru þau skilyrði sem þjóðum eru sett til að geta fengið aðild að myntbandalaginu fullkomlega óraunhæf fyrir okkur Íslendinga um langt skeið.

Engu að síður er eðlilegt að við ræðum um Evrópu. Skýrsla Sambandsins er um margt ágætis innlegg í þá umræðu. Þar koma fram áhrif aðildar á sveitarfélög að því marki sem hægt er að greina eins og sakir standa. Þó er þar, eins og borgarstýra benti á, ekki gert ráð fyrir óbeinum áhrifum af stefnu ESB á Ísland í heild sinni, sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka inn í myndina eigi sveitarfélögin að geta tekið afstöðu. Áhrif sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins yrðu að sjálfsögðu gríðarleg á stöðu og afkomu

sveitarfélaganna, sér í lagi á landsbyggðinni. Þar sem skýrsla Sambandsins inniheldur kosti og galla við aðild að Evrópusambandinu býður hún upp á að Evrópusinnar dragi fram kostina og andstæðingar Evrópuaðildar dragi fram gallana. Þó umræðan sé ekki orðin nægilega þroskuð og vafaatriðin þar með of mörg til að innihaldsríkar rökræður geti átt sér stað nú um kosti og galla er gott og gagnlegt að fara yfir skýrsluna, sem er, eins og áður segir, mikilvægt innlegg.

Kostir Evrópuaðildar fyrir sveitarfélögin felast, samkvæmt skýrslunni, fyrst og fremst í auknum tengslum, samráði og samstarfi út á við meðal annars með auknum aðgangi að styrkjum og áætlunum ESB. Það er vissulega af hinu góða en verður þó að skoðast með hliðsjón af því samstarfi sem nú þegar er til staðar, meðal annars á vettvangi Evrópuráðsins, innan Norðurlandanna og víðar. Hversu mikil verður viðbótin og hverju þarf að fórna fyrir hana? Hvað gallana varðar, að frátöldum áhrifum landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnunnar, sem ólíklegt er að verði mjög jákvæð, þá virðast þeir ótvírætt vera til staðar og jafnvel fleiri en þeir sem fjallað er um beint í skýrslunni. Það verður ekki framhjá því litið að svo virðist sem skýrsluhöfundar hafi á því skoðun að það sé sveitarfélögum til hagsbóta að Ísland gerist aðili að Evrópusamstarfinu. Það endurspeglast meðal annars í orðalagi sem þessu, með leyfi forseta:

Með aðild að ESB fá stofnanir þess yfirþjóðlegt vald á málefnum sveitarstjórnarstigsins á ákveðnum stigum. Sveitarstjórnarstigið mun því líklega ekki verða jafnháð ríkisvaldinu og það hefur verið, en í staðinn þyrftu sveitarfélög að beina hagsmunagæslu sinni í meira mæli gagnvart stofnunum ESB, svosem Evrópuþinginu og ráðherraliðinu.

Tilvitnun lýkur. Orðalagið gerir ráð fyrir að með þessu öðlist sveitarfélögin frelsi frá ríkisvaldinu í stað þess að því sé til haga haldið að valdið sem nú er hjá ríkisvaldinu færist til stærri og fjarlægari stofnana á borð við Evrópuþingið og ráðherraráðið. Það mun gera sveitarfélögunum erfiðara um vik að hafa áhrif á ákvarðanir sem lúta að þeim sjálfum.

Sveitarstjórnarfólki hefur verið tíðrætt um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Enn lengri taumur, alla leið til Evrópu, getur varla orðið til þess að sú efling komi til með að eiga sér stað. Nauðsynlegt er að allar upplýsingar og gögn sem lúta að jafnheitum pólitískum málum og Evrópusambandsaðildin virðist vera, séu skoðuð með gagnrýnu hugarfari. Viðfangsefni sem snúast um með eða á móti er erfitt að

fjalla um með hlutlausum hætti. Því láí ég ekki skýrsluhöfundum. Í skýrslunni kemur fram að smærri sveitarfélög gætu átt undir högg að sækja innan Evrópusambandsins. Ekki bara þannig að þau ættu erfiðara með að nýta sér sóknarfærin heldur yrðu kröfur sambandsins til sveitarfélaganna líklega þess eðlis að þau stæðu illa undir þeim. Aðild gæti því orðið til þess að sveitarfélög neyddust til sameiningar óháð því hvort þau sjái sér hag í því að öðru leyti eður ei.

Reykjavík hefur talsverða sérstöðu sem langstærsta sveitarfélag landsins og höfuðborg. Því er brýnt að borgarfulltrúar setji sig í spor kollega sinna í smærri sveitarfélögum víðsvegar um landið áður en þeir móta sér afstöðu í þessum efnum. Sveitarfélag er ekki bara sveitarfélag. Það sem kann að henta höfuðborg með fjölbreytta og tiltölulega örugga atvinnuvegi hentar ekki endilega fámennum sveitarfélögum sem jafnvel eiga allt sitt undir landbúnaði og/eða sjávarútvegi.

Forseti, ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til Samfylkingarinnar fyrir að brydda upp á þessum umræðuefni en opin og lýðræðisleg umræða um mögulega aðild að Evrópusambandinu er gríðarlega mikilvæg. Verður þá að taka tillit til allra þátta, áhrifa á öll svið samfélagsins og jafnframt með hvaða hætti við Íslendingar getum lagt okkar af mörkum til annarra þjóða. Það er staðföst skoðun okkar Vinstri grænna að vænlegasta leiðin til að opna umræðuna og efla væri að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður enda nauðsynlegt að svo stór ákvörðun verði upplýst og tekin af þjóðinni allri.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá mun Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi taka til máls.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þegar metin eru áhrif á inngöngu í mynt- og efnahagsbandalag Evrópu fyrir Reykjavíkurborg er mikilvægt að skoða einnig möguleg áhrif fyrir fyrirtæki borgarinnar, ekki hvað síst stærsta fyrirtæki borgarinnar, Orkuveitu Reykjavíkur. Síðastliðið vor lagði ég fram fyrirspurn í stjórn Orkuveitunnar um áhrif þess fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að íslensku krónunni væri haldið úti í samanburði við það að tekin væri upp stöðugri gjaldmiðill eins og evra. Sérstaklega skyldu dregin fram áhrif á rekstur og afkomu, efnahag og eiginfjárlutfall, áhættu, áætlunargerð og lánskjör. Svarið sem var lagt fram á stjórnarfundi þann 19. júní sl. var afdráttarlaust um að notkun óstöðugs gjaldmiðils eins og íslensku krónunnar hefði neikvæð áhrif ofangreinda þætti.

Jafnframt er ljóst að atburðir síðustu mánaða og gengisfall krónunnar þrátt fyrir gjaldeyrishöft, hafa enn aukið þann óhug sem krónan veldur og gert mörgum og kannski meirihluta íslenskra fyrirtækja nær ómögulegt að starfa. Við áramótin 2007 og 2008 var eiginfjárlutfall Orkuveitunnar 46,5%. Ég vil biðja borgarfulltrúa um að veita þessu athygli, í byrjun árs 2008 var eigið fé Orkuveitunnar 46,5%. Áramótin þar á eftir, áramótin 2007-2008 var gengisvísitalan í 217, í stað áramótanna þar áður, 120, en það hefur haft það í för með sér að eiginfjárlutfall Orkuveitunnar við lok árs 2008 er 16-17% en yrði neikvætt ef gengisvísitalan færi í 275 stig. Það er mikilvægt að þetta síust inn, eiginfjárlutfall í upphafi árs 46,5% og í lok ár 16-17%. Þannig eru eignir fyrirtækisins í árslok um 250 milljarðar en skuldir 210 milljarðar og eigið fé því um þessar mundir ekki meira en 40 milljarðar.

Þessi staða endurspeglar hvað fyrirtækið er viðkvæmt fyrir falli krónunnar. Þrátt fyrir að tekjur af raforkusölu til stóriðju séu í erlendri mynt og þeir afleiðusamningar séu eignfærðir í bókhaldi Orkuveitu Reykjavíkur og hækki þannig eignarhlutann með lækkun á gengi krónunnar. Það að svo traust fyrirtæki sem Orkuveita Reykjavíkur er lendi í svo miklum vandræðum, fyrirtæki með traustan og raunar að hluta til nauðbeygðan kúnnahóp, við það að gjaldmiðillinn,

Bstj. 3. febrúar 2009

Íslenska krónan, heldur ekki sjó ætti að sýna öllu hugsandi fólki að íslenska krónan stendur öllu viðskiptalífi á Íslandi fyrir þrifum.

Við skulum átta okkur á því að þó krónunni einni verði ekki kennt um bankahrunið þá væri staðan í okkar samfélagi allt önnur en hún er núna, hefði Ísland verið hluti af Evrópusambandinu og í myntbandalagi Evrópu. Ég ætla ekki að fara út í vangaveltur um hvort Evrópski seðlabankinn sem þrautarvarabanki hefði reynst betur en Seðlabanki Íslands, heldur vekja athygli á því að þó bankarnir hefðu eftirsem áður hrunið værum við ekki að vandræðast með gjaldeyrishöft og illfljótandi gjaldmiðil, tugprósenta verðbólgu og 18% stýrivexti og botnlaust fall á gjaldmiðlinum miðað við aðra gjaldmiðla.

Ef við hefðum verið hluti af Evrópusambandinu og myntbandalagi Evrópu, Þá byggjum við, við sömu skilyrði og aðrir innan myntbandalagsins, sömu vaxtakjör og sömu verðbólgu. Í svari við fyrirspurn minni sem lagt var fram í stjórn Orkuveitunnar 19. júní sl., nokkrum mánuðum fyrir bankahrún, kemur eftirfarandi fram með leyfi forseta:

Hátt hlutfall erlendra lána í lánaörfu fyrirtækisins var ákveðið vegna hins mikla vaxtamunar sem verið hefur undanfarin ár milli íslensku krónunnar og þeirra erlendu gjaldmiðla sem lánaörfu Orkuveitunnar samanstendur af.

Síðar í sama svari segir:

Tekjur vegna raforkusölu til stóriðju námu um 7% af heildartekjum á árinu 2007 og verða um 25% af heildartekjum á árinu 2012.

Tilvitnun lýkur. Þannig er ljóst að eftir að allir raforkusölusamningar eru komnir í gildi verða samt sem áður 75% af tekjum Orkuveitu Reykjavíkur í íslenskum krónum. Meðan um 97% af lánum verða í erlendri mynt.

Ég ætla að vitna frekar í þetta svar, með leyfi forseta, en þar segir einnig, og hér er verið að fjalla um áætlanagerð:

Mikil óvissa ríkir um þróun gengis og því afar erfitt að spá fyrir um það.

Og síðar:

Í þriggja ára áætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir áframhaldandi miklum fjárfestingum sem fjármagnaðar eru með lántökum. Ljóst er að fyrirtækið verður viðkvæmara fyrir miklum sveiflum eftir því sem eiginfjárhlutfall þess lækkar.

Tilvitnun lýkur. Og þetta var fyrir bankahrunið. Og að lokum vil ég vitna hér í niðurstöðuna úr þessu svari, en þar segir meðal annars:

Ef tekin yrði upp evra á Íslandi í stað íslensku krónunnar myndi sá óstöðugleiki sem fylgir krónunni hverfa. Miklar og tíðar gengissveiflur eru sérstaklega erfiðar fyrir félag sem er orðið þetta skuldsett og þar sem sveiflurnar hafa mikil áhrif á mikilvægar lykiltölur, þar á meðal eiginfjárhlutfall.

Og undir þetta skrifar Anna Skúladóttir, fjármálastjóri Orkuveitunnar.

Að öllu jöfnu kjósa fyrirtæki að hafa samræmi milli þess gjaldmiðils sem meginþorri tekna þeirra er aflað í og þess gjaldmiðils sem fyrirtækið tekur lán í. Íslensk fyrirtæki, þar með talin fyrirtæki borgarinnar og raunar íslenskur almenningur líka, búa þó við þær sérstöku aðstæður að standa frammi fyrir tveimur slæmum kostum. Annað hvort, kjósi þau að takmarka gjaldeyrisáhættu sína og taka lán í íslenskum krónum og borga af þeim með íslenskum krónum sem tekjur þeirra eru í, búa fyrirtækin við fátíðlegt vaxtastig sem nemur um þessar mundir um 20%. Eða, kjósi fyrirtæki að taka lán í annarri mynt en íslenskum krónum, eins og Orkuveitan hefur allajafna valið að gera, þá búa þau við mikla gengisáhættu sem fyrirtæki sem starfa á myntsvæði þar sem gjaldmiðillinn er traustur búa ekki við. Það er því mikið hagsmunamál fyrir fyrirtæki á borð við Orkuveitu Reykjavíkur og þar með Reykjavíkurborg að taka upp traustan og öruggan gjaldmiðil sem aðild að myntbandalagi Evrópu myndi veita.

**Forseti:** Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá mun Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi taka til máls.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara nokkur orð svona um þessa ágætu skýrslu sem hérna hefur verið lögð fram og þakka fyrir þá umræðu sem um hana hefur farið fram. Það er bersýnilega vel að verki staðið hér og þarft að taka þetta mál upp. Hér er lögð fram skýrsla sem bersýnilega var óskað eftir 12. desember og hún er klár 19. janúar, sem sagt um það bil mánuði síðar, þannig að þær stöllur Anna G. Björnsdóttir og Anna Margrét Guðjónsdóttir, sem þekkja þessi mál hvað best, hafa svo sannarlega látið hendur standa fram úr ermum og unnið þetta verk ákaflega vel. Mér finnst þessi skýrsla bera vott um það að það er verið að leita eftir bæði jákvæðum og neikvæðum þáttum sem snúa að inngöngu í Evrópusambandið og þá með tilliti til þess hvaða hugsanleg áhrif það myndi hafa á stöðu sveitarstjórnarstigsins.

Ég held að við sveitarstjórnarmenn höfum, borgarfulltrúar og bæjarfulltrúar vítt og breitt um landið, höfum eflaust velt þessum hlutum fyrir okkur, hvaða áhrif þetta myndi hafa á sveitarstjórnarstigið. Við getum kannski sagt til að einfalda málin að það sem eykur hagsæld og lífsgæði í landinu er hagstætt fyrir rekstur sveitarfélaga, því það er jú það sem við erum að hugsa um alla daga og það er einkenni okkar rekstrar, þessi nánd, þekking og samkennd með okkar skjólstaðingum, þeim sem búa í þeim sveitarfélögum sem við störfum í. En nú hafa borgarfulltrúar hér farið svona yfir ákveðna þætti í þessu, auðvitað getur maður tekið undir margt af því sem þar er sagt. Evrópuumræðan hefur verið ákaflega ráðandi í pólitískri umræðu á undanförunum mánuðum. Það á ekki síst við um Sjálfstæðisflokkinn, sem ákvað að taka þetta sérstaklega fyrir, skipa nefndir sem fjölluðu um ýmsa þætti sem snúa að því, sem snúa að aðild Íslands að Evrópusambandinu og þá með hvaða hætti rétt væri að ganga þann veg ef það væri svo niðurstaða þeirrar skoðunar og kannski hugsanlega atkvæðagreiðslu, varðandi það yfirleitt hvort það ætti að fara út í viðræður við Evrópusambandið.

Ég get lýst þeirri skoðun minni að ég hefði talið slíka atkvæðagreiðslu, hvort yfirleitt eigi að ræða saman, óþarfa, en get þó sagt að mér finnst eðlilegt að við Íslendingar könnum okkar stöðu hvað þetta varðar. Ég hef stundum í almennt umræðu líkt þessu við það að labba framhjá skóbúð, vera í götóttum skóm en sjá þar þrýðilega gott skópar í skóbúðinni, skoða það, lítast vel á það en fara ekki inn

og athuga ekki hvað verðið er og athuga ekki hvort stærðin er rétt sem fæst í þeirri búð. Þannig að við göngum bara áfram og kíkjum ekki á hvað þetta kemur til með að kosta og hvort þetta passi okkur. Og auðvitað er þessi skýrsla sem hér liggur fyrir okkur liður í því að athuga hvort þetta myndi passa okkur.

En margt vantar upp á. Eins og borgarstjóri benti á er ekki verið að taka hér afstöðu til til dæmis sjávarútvegsstefnu og landbúnaðarstefnu og þess hvernig fara myndi fara um okkar auðlindir í slíkum viðræðum og það er auðvitað grundvallaratriði og það verður ekki gefið eftir. Þess vegna kemur það verulega á óvart og er undarlegt í mínum huga að hlusta á forystusveit Samfylkingarinnar tala um að það eigi að fara í aðildarviðræður og sumir segja hreinlega að það eigi bara að ganga í Evrópusambandið og það muni ekkert bjargast nema við þá aðgerð. Það er auðvitað fáránleg afstaða í sjálfu sér. Að ganga að því vísu er svona nánast eins og að bera upp bónorðið á fyrsta stefnumóti.

Auðvitað geta verið þarna ákveðnir kostir en það eru augljóslega líka margir gallar. Það er það sem dregið er hér fram í þessari skýrslu og það eru kannski gallarnir sem ég hef svolítið verið að skoða þegar ég var að fletta þessari skýrslu og fara yfir hana, vegna þess að það eru sumir hverjir gallar hér sem við höfum haft áhyggjur af en ekki haft kannski beinar upplýsingar um, eins og hér eru dregnar fram, hverjir þeir gætu helst orðið. Þá er ég að vitna, borgarfulltrúar góðir, til síðustu kafla þessarar skýrslu þar sem rætt er við ýmsa sem bæði eru komnir inn eða eru að velta fyrir sér að fara inn í Evrópusambandið og þá erum við hér að tala við sveitarstjórnarmenn frá Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Lettlandi, Skotlandi, Noregi og svo framvegis, þar sem þeir, væntanlega að beiðni þeirra starfsmanna sem gerðu þessa skýrslu, Önnu G. Björnsdóttur og Önnu Margrétar Guðjónsdóttur, að fara yfir það hvað þeir telja sig hafa fengið út úr þessari samvinnu og hvað beri að varast.

Þá er það kannski ekki síst fyrir okkur sem erum að velta fyrir okkur hvernig við ætlum að nálgast þetta, að horfa á þau varnaðarorð sem felast í því hvað beri að varast. Til dæmis vil ég benda á það að finnski fulltrúi sveitarfélaga, frá finnska sveitarfélagasambandinu, varar við því að stór ríki í Evrópu hafi alltaf síðasta orðið í allri ákvarðanatöku. Þetta er auðvitað hlutur sem við verðum að velta fyrir okkur, hvort það sé eitthvað sem er ásættanlegt fyrir okkur. Ég vil einnig benda á

Það að fulltrúi skoska sveitarfélagasambandsins varar hér við að hér kemur mikið regluverk, og því hafa reyndar allir þeir sem þarna er talað við varað við, að skriffinnskan er gríðarleg, skrifræðið er mikið og það er ekkert verið að draga úr því hjá skýrsluhöfundum að það mun aukast verulega hér hjá okkur og jafnframt sagt að minni sveitarfélögin komi ekki til með að ráða við slíkt skrifræði og slíka yfirbyggingu sem aðild myndi fylgja.

En það sem vekur ekki síður athygli hér af því sem skoski fulltrúi sveitarstjórna í Evrópusambandinu varar við, er að hann varar við því að Skotar hafi tapað sínum fiskveiðiheimildum og þeir hafi ekki haft sjálfstæða fulltrúa hvað það varðar eftir inngönguna og jafnframt harma þeir það að gjaldmiðillinn skuli ekki vera frjáls. Meira af þessum toga vil ég benda borgarfulltrúum, forseti góður, á að kynna sér vel þegar þeir lesa þessa skýrslu vegna þess að það má eiginlega segja að það sem er lærdómsríkast í skýrslunni er í viðaukum hennar, þar sem það kemur fram hvernig þetta hefur reynst og hvernig þetta hefur reynst hjá þeim fulltrúum sem ég var að nefna hér rétt áðan.

Að öðru leyti er það kannski helsta inntak þessarar skýrslu og helstu fréttir með hvaða hætti við getum sótt í sjóði Evrópusambandsins og þeir eru tilgreindir þarna. Þarna er byggðaðpróunarsjóður, aðlögunarsjóður, samstöðusjóður, félagsmálasjóður, landbúnaðarsjóður og svo eru styrkir til sjávarbyggða, umhverfismála og samgöngumála. En það er jafnframt tekið skýrt fram af skýrsluhöfundum að það er engan veginn tryggt að við getum sótt í þessa sjóði eða við getum vænst þess að fá framlög úr sjóðunum en engu að síður yrðum við að undirbúa vel með hvaða hætti við myndum nálgast sjóðina og afla þeirrar þekkingar sem til þarf til þess að skila inn umsóknum í sjóðina og þá er tekið fram að minni sveitarfélög sem myndu hafa áhuga á slíku hefðu trúlegast ekki bolmagn til slíkrar styrkjaumsóknar.

Þetta er auðvitað allt saman eitthvað sem við verðum að velta fyrir okkur og ég vil taka undir margt af því sem fram hefur komið, til dæmis hjá borgarfulltrúanum Sigrúnu Elnu Smáradóttur varðandi evruna og þá erfiðleika sem við vissulega búum við að hafa litlu krónuna, þennan örgjaldmiðil sem við búum við hér uppi á Íslandi. En það auðvitað varðar sveitarfélögin þó það sé kannski ekki dregið fram hér í þessari skýrslu, þá varðar það auðvitað rekstur sveitarfélaga mjög mikið

hvort tekinn verði upp annar gjaldmiðill, hvort sem það verður evra eða eitthvað annað, vegna þess að mörg sveitarfélögin eru, eins og við þekkjum, skuldsett og skuldsett í erlendri mynt. Ekki bara b-hluta fyrirtæki eins og borgarfulltrúinn var að fara hér yfir, þá Orkuveitu Reykjavíkur og hvernig þróun gjaldmiðla hefur haft áhrif á eiginfjárstöðu þess félags, efnahagsreikninginn, en engu að síður eru ýmsir sveitarsjóðir sem eru skuldsettir í erlendri mynt og auðvitað varðar þá mjög mikið hvernig þróun gjaldmiðla verður og þá jafnframt að það myndi létta þeirri óvissu sem slík þróun leiðir yfir sjóðina, sem þeir hafa náttúrulega engin tök á að stýra, að með upptöku annars gjaldmiðils myndi auðvitað sá óvissuþáttur detta út.

Þannig að það auðvitað varðar rekstur sveitarfélaga mjög mikið að við getum sleppt krónunni en eins og menn þekkjja, af því að þessi umræða er auðvitað mjög virk í samfélaginu, þá er líka hægt að skoða það og bera það saman til þess að fá samanburðinn, hvernig það myndi þá geta gengið að taka upp annan gjaldmiðil án inngöngu í Evrópusambandið. Ekki kannski rétt að fara að taka það fyrir hér á þessum borgarstjórnarfundum því margt er um það að segja en engu að síður hafa margir ágætir fræðimenn bent á þær leiðir sem við gætum haft í því sambandi og eru þær að mínu mati ákaflega áhugaverðar. Varðandi sjóðina og varðandi þann fókus, sem mér finnst að sveitarstjórnir eigi að hafa og borgarstjórn á að hafa, þá er það ljóst að innganga í Evrópusambandið, ef af henni yrði, myndi breyta talsverðu fyrir sveitarfélögin í landinu. Það er ekki hægt að segja með vissu hver ávinningurinn yrði. Það er þó ljóst að það þarf á auknum mannafla að halda og dýrari stjórnsýslu til að fullnægja kröfum um skrifræði og til að eiga möguleika á því að komast inn í styrkjakerfið.

Hvort sem niðurstaðan verður sú að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu eða ekki liggur framtíð sveitarfélaga ekki í því að snapa styrki í Brussel. Rekstur sem byggist á styrkjum hefur lítið frumkvæði og lítinn lífsvilja. Styrkir einfaldlega drepa í dróma. Áherslur sveitarfélaga eiga að vera skýrar, þær snúast um að vernda hag fjölskyldna í landinu og skapa fyrirtækjum aðstæður til þess að vaxa og dafna.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sif Sigfúsdóttir.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Sif Sigfúsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Vegna umræðu um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög langar mig til að velta hér upp hugsanlegum kostum og göllum mögulegrar Evrópusambandsaðildar og rýna jafnframt í greinargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga. Eitt af meginmarkmiðum Evrópusambandsins er að efla samstöðu og samstarf ríkja Evrópu og stuðla að auknum hagvexti og velsæld sem að sjálfsögðu kemur öllum sveitarfélögum við og til góða. ESB leggur líka áherslu á bætta samgöngur og bætt lífsgæði sem lið í eflingu atvinnuþróunar sem er þáttur sem gagnast sveitarfélögum jafnt sem landinu öllu. Í greinargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga er nefndur sá kostur við aðild að aðildarfélagar fái aðgang að styrkjum úr byggðasjóðum ESB og ákvörðunum um með hvaða hætti þeim er úthlutað til einstakra svæða hér á landi. Hér tel ég að við gætum litið til nágrannalanda okkar og þeirra reynslu af styrkjakerfinu, svo sem Norðurlandanna. Einnig er nefndur sá kostur að með aðild fáiast aðgangur að styrkjum úr landbúnaðar- og dreifbýlissjóði ESB. Þarna þarf líka að skoða hvaða reynslu nágrannalönd okkar hafa af styrkjakerfinu, svo sem Svíþjóð.

En greinargerðin kallar líka á fleiri spurningar og í henni er nefndur sá kostur að sveitarfélög hafi meira forræði. Að sama skapi er nefndur sá galli að með aðild að Evrópusambandinu verði auknar kröfur við fjármálaumsýslu og líklega minna fjárhagslegt svigrúm í rekstri sveitarfélaga. Þá er nefndur sá kostur að sveitarstjórnarstigið verði ekki jafnháð ríkisvaldinu. Það eigi hins vegar eftir að koma í ljós hvort það muni ganga betur í hagsmunagæslu sinni gagnvart stofnunum ESB en íslenska ríkinu. Í sambandi við þetta langar mig að benda á könnun sem gerð var í Bretlandi á meðal almennings árið 2008. Þar voru settar fram þrjár valspurningar. Fyrst hvort Bretar vildu vera áfram í Evrópusambandinu. Önnur hvort Bretar vildu hætta í Evrópusambandinu og þriðja hvort Bretar vildu breyta samskiptum og sambandi sínu við Evrópusambandið með það að leiðarljósi að rýmka reglur og hafa þær sveigjanlegri. Flestir svöruðu því að þeir vildu annað hvort hætta í Evrópusambandinu eða breyta sambandinu við ESB með það í huga að rýmka reglur og hafa þær sveigjanlegri. Þá kom líka fram að meirihlutinn vildi að breska ríkið fengi meira vægi en stofnanir ESB við

ákvarðanatöku. Gæti ekki verið að íslensk sveitarfélög færu sömu leið, þ.e. að miklar reglur og skrifinnsla væru heftandi við ákvarðanatöku og gerðu þeim erfitt fyrir með ákvarðanir sem áður voru auðveldar í meðförum. Ég velti því upp.

Að öðrum kosti tel ég að sambandsaðild gæti haft góð áhrif á sveitarfélög varðandi stuðning við vöruþróun, ferðaþjónustu, upplýsingatækni og starfsmenntun sem og rannsóknir lítilla fyrirtækja svo dæmi séu tekin úr stefnu sambandsins. En sennilega hafa ekki öll sveitarfélög jafnmikið gagn af styrkjakerfinu og það má gagnrýna að ekki er í skýrslunni umfjöllun um óbein áhrif vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu sambandsins. Hér má nefna sjávarsveitarfélög á Íslandi sem treysta meira á landbúnað og sjávarútveg en annað. Stærstu byggðamál margra sveitarfélaga á Íslandi snúa að samningum um sjávarútveg og landbúnaðarmál og þá er til lítils að tala um styrkjakerfið ef ekki er horft til áhrifa sjávarútvegs og landbúnaðar á sveitarfélag. Því niðurstaða úr þeim málum hefur meiri áhrif á sveitarfélögin en nokkurt styrkjakerfi.

Sóknarfæri geta legið víða en að sjálfsögðu þarf að skoða allar hliðar samninga og velta öllum steinum vel og gaumgæfilega áður en ákvarðanir eru teknar. Í raun er ekki hægt að segja til um áhrifin fyrir en drög að samningum liggja fyrir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sif Sigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Stefán Benediktsson.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Stefán Benediktsson:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég átti nú eiginlega einhvern veginn ekki á því von að ég kæmist hér í einhver skoðanaskipti um Evrópumál sem eru mér, eins og borgarfulltrúar vita, sbr. háttvirtan borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur, mjög hugleikin náttúrulega. En þetta er kannski ekki vettvangur til mjög langra eða djúpra umræðna um þessi málefni en þessi skýrsla gefur þó ærin tilefni til, og þá sérstaklega svona orð og setningar sem hafa fallið í máli fólks hér á undan mér. Eitt af því sem truflar mig svolítið í þessari orðræðu allri er í raun og veru þetta ómælanlega eða ómælda sjálfstraust okkar Íslendinga. Að við hljótum alltaf að vita best hvað okkur er fyrir bestu. Mig langar til þess að minna bara á það að fyrir tveimur árum kom fjöldi sérfræðinga, bæði íslenskra og erlendra, og sögðu okkur að við værum á hraðri leið til helvítis í efnahagsmálum. Þeir sögðu þetta líka fyrir einu ári síðan og við Íslendingar brostum bara svolítið út í annað og glottum að þessum vitleysingum og sumir viðhöfðu m.a.s. þau orð að þetta fólk þyrfti nú að fara í einhvers konar endurmenntun.

Og viti menn, við lentum á botninum og þessir sömu menn sem spáðu þessu fyrir eru allir með tölu búnir að segja okkur að við verðum að skipta um gjaldeyri og að hentugast fyrir okkur sé að ganga í Evrópusambandið. En nei, ekki ætlum við að hlusta á það þennan daginn frekar en fyrri daginn. Það er öllum ljóst sem eru hér inni að við verðum að skipta um mynt, við verðum að skipta um gjaldeyri. Í fyrsta lagi til þess að lækka vexti og b) til þess að koma í veg fyrir það að stjórnáamenn og auðmenn þessa lands geti semsé skattlagt launþegana með verðbólgu. Í aðild að efnahagsbandalaginu felst ákveðin trygging eða varnaglar fyrir því að lönd geta ekki keyrt upp verðbólgu til skattlagningar þegna sinna.

Eitt af því sem fólki óar mjög við sem um þetta mál ræðir er regluverk. En þá má í því sambandi minna á það að sú staða sem við erum í núna er einmitt vegna þess að okkur vantaði regluverk. Viðskiptaráðherra nýsettur orðaði það þannig í dag í viðtali að sú hugmyndafræði sem Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum hefði verið stjórnað eftir hefði verið röng. Það var ekki það að það væri ekki gott og hæft fólk sem væri að vinna þar, heldur einfaldlega að dagskipunin var röng. Þannig að með réttri dagskipan mætti nýta krafta þessa fólks til betri verka.

Annað sem menn hafa líka miklar áhyggjur af eru svokallaðar auðlindir þjóðarinnar. Ég segi svokallaðar auðlindir þjóðarinnar því það vita allir sem hér sitja inni að þorskurinn í sjónum er veðsettur. Hann syndir um veðsettur til margra, margra ára. Og þessar veðsetningar, ef þær eru ekki í nýju ríkisbönkunum, þá eru þær all flestar í útlöndum. Hann veit náttúrulega ekki af því en við vitum af því og við vitum það að íslenskur sjávarútvegur er í raun og veru tæknilega á hausnum. Eins er það sem fyrrverandi ríkisskattstjóri, Indriði Þorláksson, benti á í grein í blaði í gær að orkulindir Íslands eru allar í eigu útlendinga. Þannig að ég skil ekki raunverulega hvaða áhyggjur menn hafa af því hvað verður um orkulindir landsins þó að við göngum í efnahagsbandalagið. Þær áhyggjur eru í raun og veru semsé algjörlega óþarfar því þær eru þegar í eigu útlendinga og fiskurinn í sjónum líka.

Að lokum, til háttvirts borgarfulltrúa Sóleyjar, mér brá svolítið við og ég ætla bara að vona að kjósendur hennar hafi ekki verið að hlusta, þegar hún sagði að við, borgarfulltrúar Reykjavíkur, þyrftum að setja okkur í spor borgarfulltrúa minnstu sveitarfélaga landsins. Ég hélt að við værum hér til þess að gæta hagsmuna Reykvíkinga en ekki Þórshafnarbúa.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Benediktsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki ... borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson tekur til máls.

### **3. mál Umræða um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á sveitarfélög (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil bara rétt í lokin fá að þakka fyrir þessa umræðu sem oft er kölluð Evrópuumræða, en raun er þetta allt í senn umræðan um heimilin og hvernig við lækkum verðið í matarkörfunni. Umræðan um unga fólkið og hvernig við tryggjum það að það hafi efni á því að koma sér þaki yfir höfuðið án þess að vera háð þeim miklu sveiflum sem eru í gengi og vöxtum á meðan íslensku krónunnar nýtur við, svo ég noti virðulegt orðalag. En þetta er líka umræðan um langtímaáætlanir, hvaða nafni sem þær nefnast, ekki bara í heimilisbókhaldinu heldur í uppbyggingu allra fyrirtækja. Hvernig eigum við að geta sannfært ungt fólk, alla sem eiga peninga og erlenda fjárfesta um það að það sé hægt að gera langtímaáætlanir á Íslandi. Að það sé hægt að hætta fé, tíma, fyrirhöfn í að leggja upp í langferð sem stofnun fyrirtækis, heimilis eða hjónabands þess vegna er. Þess vegna skiptir svo gríðarlega miklu máli að það sem mér finnst hvítleitt að tala um sem Evrópuumræðuna, að hún sé í og með í allri okkar hugsun um framtíðina. Hún verður líka að vera þáttur í allri okkar hugsun um sveitarfélög og sveitarstjórnarstigið.

Mig langaði til þess aðeins að bregðast við nokkrum atriðum sem hér hafa verið nefnd. Það var dregið sérstaklega fram sem galli að Evrópusambandsaðild myndi setja fjármálum sveitarfélaga skorður. Það er rétt og kemur fram í greinargerðinni að það eru skilyrðin fyrir upptöku evru sem voru tekin upp, bæði í þeim löndum sem tóku upp evru og hinum, eins og Svíþjóð, sem settu sveitarfélögum skorður í kjölfar til dæmis bankakreppunnar á Norðurlöndum sem þar var fyrir tæpum tveimur áratugum. Þessar skorður hefði þurft að setja út af bankakreppunni, burt séð frá Evrópusambandsaðildinni. En það sem ekki kom fram í máli þeirra sem kusu að draga þetta fram hér er að í greinargerðinni kemur fram að með stuðningsaðgerðum Evrópusambandsins og þessu aðhaldi tókst að skapa gríðarlega mörg störf og verðmæti til framtíðar fyrir þessi sveitarfélög. Þannig að Evrópusambandsaðildin setur vissulega þær skyldur á herðar öllum opinberum stjórnvöldum að sýna ábyrgð í fjármálum en það þarf hvort eð er að gera þegar heilt fjármálakerfi hrynur og það er skynsamlegt til langs tíma út af atvinnusköpuninni sem þarf að eiga sér stað.

Og hér var minnt á það að Ísland og sveitarfélögin þar með, myndu færa sig undir yfirþjóðlegt vald með aðild að Evrópusambandinu. Þetta er rétt. En meginniðurstaða skýrslunnar er að lagafyrirmælum frá Evrópu til handa sveitarfélögum myndi ekki fjölga. Myndi ekki fjölga. Breytingin felst semsagt í því að yfirþjóðlega valdið er það sama, lagafyrirmælin eru þau sömu, ef við erum aðilar getum við hugsanlega haft áhrif þar á og vonandi góð áhrif þar á. Núna höfum við engin. Við erum þiggjendur í þessu samstarfi og vitanlega kostar það eitthvað, eins og lýðræðið kostar. Ef við viljum hafa áhrif á umhverfi okkar og ákvarðanir, þá kostar það frumkvæði, það kostar pappír, skrif, málafylgju og við þurfum að vera viðstödd við borðið þar sem ákvarðanirnar eru teknar. Núna getum við það ekki. Þannig að þessum tveimur hliðum þarf auðvitað að halda til haga. Við fengjum áhrif sem við höfum núna alls engin.

Ef við höfum metnað í loftslagsmálum verðum við að vinna með öðrum þjóðum. Ef við höfum metnað til þess að vinna gegn mansali verðum við að vinna með öðrum þjóðum. Ef við viljum langtímastöðugleika í efnahagsmálum verðum við að tengjast öðrum þjóðum. Ekki vegna þess að við erum að missa eitthvað heldur vegna þess að það er eina leiðin til þess að ná árangri í þessum mikilvægu málaflokkum og mörgum fleirum. Svo eru aðrir málaflokkar þar sem við eigum að byggja á nærþjónustu, nærþekkingu, nærlýðræði. Það er nálægðarreglan sem er prinsipp í Evrópumálum og á að vera prinsipp hér á landi líka. Er það síður hér en í flestum Evrópuríkjum sem sést til dæmis vel á því hvers vegna sveitarfélög hafa ekki fyrir löngu fengið miklu fleiri verkefni og miklu beinni áhrif á þá löggjöf sem snertir sveitarfélögin. Því þar umgengst íslenska ríkið sveitarfélög og fólk almennt, íbúa, miklu verr, á miklu ógagnsærri hátt, ólýðræðislegri hátt en menn myndu nokkurn tímann sætta sig við innan Evrópusambandsins.

Með þessu er ekki verið að segja að þar sé allt fullkomið eða að við ráðum öllu um niðurstöðu mála sem koma öllum í Evrópu við. Það væri reyndar ekki heldur alveg lýðræðislegt. En við getum haft áhrif, við komumst inn á vettvanginn og við eigum að gera okkur gildandi eins og við gerðum í hafréttarmálum á 8. áratugnum. Í málaflokkum þar sem við höfum sérþekkingu, eitthvað fram að færa, sérstaka hagsmuni, og við eigum að gera þá kröfu að þeir séu virtir.

Félagi og borgarfulltrúi Stefán Benediktsson var býsna kaldhæðinn þegar hann sagði að fiskurinn væri hvort eð er veðsettur í útlöndum og orkulindirnar rynnu til eignarhaldsfélaga sem eiga stór álver. Nokkuð til í þessu en engu að síður eru þetta hagsmunir sem við þurfum að halda utan um en við eigum að gera það á grundvelli raunsæis á því hver staðan er núna og það er alveg hárrétt. Stundum þarf svolitla kaldhæðni til þess að draga það fram en að þessu leyti er Evrópuumræðan oft spegill. Spegill um það hver við viljum vera, frekar en hver við erum. Hvernig við viljum að staðan sé frekar en hvernig hún er og það á líka við um valdsvið og verkefni og áhrif sveitarfélaga, íslenska ríkisins á þær ákvarðanir sem snerta fólk sem býr í þessu landi.

En það er líka mikilvægt að forðast ekki umræðu um lykilatriði sem munu ráða úrslitum um það hvar börnin okkar munu velja sér búsetu og stað og fyrirtæki munu vaxa og störf munu vera fyrir hendi sem ekki bara veita atvinnu heldur líka velmegun og þá velferð sem við viljum bjóða fólkinu. Þess vegna er þetta ekki umræðan með eða á móti styrkjum, þó það hafi verið ágætt sem borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson nefndi, því við getum ekki annars vegar nálgast þetta þannig að við viljum standa vörð um tugmilljarða styrkjakerfi landbúnaðarins en við séum hins vegar á móti atvinnuþróunarstyrkjum Evrópusambandsins af því að við verðum of háð þeim. Ég held að veruleikinn liggja þarna einhversstaðar á milli. Ég held að landbúnaðurinn hafi bæði sóknarfæri en hugsanlega einhverja hagsmuni sem stendur ógn af Evrópusambandsaðild en þá þarf bara að fjalla um það hvað er rétt í hvoru tveggja.

Getur verið að framtíð landbúnaðar hér og annarsstaðar ráðist í Doha-viðræðunum, miklu frekar en því hvort við verðum aðilar að Evrópusambandinu? Finnar fóru bara býsna vel út úr því. Það er að segja landbúnaðurinn í Finnlandi að ganga í Evrópusambandið. Og hér á landi í dag, í þessum töluðu orðum, er maður sem ég kann ekki að fara með nafnið á, hann heitir eitthvað Pekka Paulanin, eitthvað slíkt, hann er semsagt formaður Evrópsku landbúnaðarsamtakanna og er að funda með bændasamtökunum, var á opnum fundi í hádeginu, og ég held að það þurfi að hlusta eftir því. Það er ekki þannig að hagsmunir landbúnaðar og sjávarútvegs séu öndvegir við inngöngu í Evrópusambandið. Til dæmis eru meira eða minna öll stóru sjávarútvegsfyrirtækin alþjóðleg með miklar fjárfestingar erlendis og ekki á kúpunni vegna þess að þeim hafi verið illa stýrt, mörgum þeirra

hefur bara verið býsna vel stýrt. Ég get auðvitað ekki gefið þeim neitt heilbrigðisvottorð öllum en þeirra staða er bara eins og annarra íslenskra fyrirtækja, að íslenska krónan og það að vera ekki með traustan, stöðugan gjaldmiðil, hefur haft geysilega uggvænleg áhrif á efnahagsreikninga á þeirra stöðum.

En þessi umræða er mikilvæg og hún snýr svolítið eins og þegar við erum að ræða um svæðisskipulag og aðalskipulag. Það eru oft heitustu deilurnar um eitthvert eitt tiltekið hús. En kannski skipta ákvarðanirnar sem eru teknar á þessu yfirstigi miklu meira máli þegar til kastanna kemur [forseti slær í bjöllu] heldur en ákvörðunin um einstöku húsin. Þess vegna þurfum við sem erum að fjalla frá degi til dags um hagsmuni heimila, fyrirtækja, þessa sveitarfélags og þessa lands, að nálgast Evrópuumræðuna ekki sem Evrópuumræðu heldur sem framtíðarumræðu um margt af því sem mun ráða úrslitum um það hvernig okkur gengur að vinna okkur út úr því gríðarlega verkefni sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum.

**Forseti:** Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að þegar verið er að nafngreina tiltekna einstaklinga er mikilvægt að nafngreina þá rétt. Við skulum vona að borgarfulltrúanum sem síðast talaði hafi tekist það. En nú verður gert stutt matarhlé.